

STARFSLEYFI

Lýsi hf.

Heitloftspurrkun fiskafurða

v/fiskpurrkunar Unubakka 24-26, fastanr. F2212857

v/pökkunar Óseyrarbraut 22, fastanr. F2212619

815 Þorlákshöfn

Nafn og kt. rekstraraðila: Lýsi hf., kt. 440269 5089

Heimilisfang: Fiskislóð 5-9, 101 Reykjavík

Útgáfudagur: 1. júlí 2018

Gildir til: 30. júní 2019

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, laga nr. 93/1995 um matvæli msbr., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:

Fyrir Lýsi hf. v/fiskpurrkunar og pökkunar

dags. 29. júní 2018

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til **eins árs** en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 29. júní 2018



Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri



STARFSLEYFISSKILYRÐI

Lýsi hf.

v/fiskþurrkunar Unubakka 24-26 og
pökkunar Óseyrarbraut 22
815 Þorlákshöfn

kt. 440269 – 5089

Fiskislóð 5-9
101 Reykjavík

1. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.2 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda og eftir því sem nánar er fyrirmælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.
- 1.3 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
- 1.4 Markmið starfsleyfisskilyrða þessara er að koma í veg fyrir mengun og stuðla að hollustu og hreinu umhverfi.
- 1.5 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir heitloftsþurrkun fiskafurða og pökkun þeirra á ofangreindum starfsstöðvum fyrirtækisins.

Leyfilegt er að framleiða úr allt að 40 tonnum af hráefni á sólarhring. Engin vinnsla skal vera í verksmiðunni tímabilið 1. júlí til 31. ágúst ár hvert á gildistíma starfsleyfisins.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.